

# Landsbanki Íslands 100 ára

*Upphafið: „... að nægir peningar geti fengist til brúkunar í landinu“*

Hinn 1. júlí 1986 eru liðin 100 ár frá því að Landsbanki Íslands hóf starfsemi sína í tveimur herbergjum í húsi Sigurðar Kristjánssonar, bóksala, við Bakarastíg í Reykjavík. Gatan var síðar kennd við bankann og nefnd Bankastræti og ber hún enn það nafn.

Starfsemi bankans byggðist á lögum um stofnun Landsbankans, sem Alþingi samþykkti á sumarþingi 1885. Konungur staðfesti lög in 18. september 1885 og reglugerð fyrir bankann var gefin út 5. júní 1886.

Landsbankinn er fyrsti banki, sem stofnsettur var á Íslandi og hefur um langt skeið verið stærsta bankastofnun í landinu.

Aðdragandinn að stofnun bankans var alllangur. Hugmyndir um stofnun banka á Íslandi komu fram á Þingvallafundi í júní 1853. Var þar samþykkt áskorun til Alþingis um „að nægir peningar geti fengist til brúkunar í landinu.“ Ályktunin varð til þess, að í ágúst 1853 samþykkti Alþingi bænaskrá til konungs um að stofnaður yrði banki á Íslandi. Konungur synjaði þessum tilmælum.

Tveimur árum síðar, 1. apríl 1855, gengu í gildi lög um verslunarfrelsi, Samkvæmt lögum þessum var Íslendingum heimilt að selja vörur sínar hvert á land sem var og jafnframt var kaupmönnum allra þjóða heimilud verslun hér á landi. Langþráðu markmiði hafði verið náð. Í kjölfar þess og aukinna umsvifa landsmanna urðu óskir um íslenskan banka æ háværari.

Þrátt fyrir mikil skrif og umræðu um banka var það ekki fyrr en á Alþingi 1881 að borið var fram frumvarp um stofnun landsbanka. Deilur innan og utan Alþingis urðu þess valdandi að málið dróst á langinn fram til sumarþings 1885. Talið er að Bergur Thorberg, landshöfðingi, hafi átt mestan þátt í að miðla málum og skapa samstöðu um stofnun bankans. Að frumkvæði hans samdi stjórn danska Þjóðbankans í Kaupmannahöfn frumvarp, sem byggðist á því að bankinn yrði stofnaður á lánstrausti Landsþjóðs þ.e. að Landssjóður gæfi út seðla að upphæð hálf milljón kr. og lánaði þá bankanum sem starfsfé. Var þetta fyrsta seðlaútgáfa á Íslandi. Ennfremur var ákvæði um að Landssjóður legði fram 10 þús. kr. til að koma bankanum á fót. Lög in voru samþykkt með smávægilegum breytingum. Í þingræðu lét Benedikt Sveinsson þau orð falla, að þess mundi verða getið, þegar saga Íslands yrði skrifuð, hver hefði verið landshöfðingi, þegar banki hefði verið stofnaður, honum til sæmdar fyrir mikinn og góðan þátt að því máli.


Landsbankinn fór ekki geyst af stað. Var hann opinna á þriðjudögum og föstudögum, tvo tíma í senn. Bankastjóri var ráðinn Lárus E. Sveinbjörnsson, dómari í landsyfirrétti og síðar háyfirdómari. Gegndi hann starfinu ásamt dómaraembættinu. Þegar frumvarpið um bankann var til umræðu á Alþingi urðu nokkrar umræður um að fá hingað erlendan framkvæmdastjóra til að koma bankanum á stofn, en málalok urðu þau að Alþingi veitti 1000 kr. styrk „handa framkvæmdastjóra hins fyrirhugaða Landsbanka til að kynna sér bankastörf erlendis“. Fékk Lárus þennan styrk og dvaldi erlendis um sex mánaða skeið áður en bankinn tók til starfa. Gæslustjóri er Alþingi kaus til fjögurra ára, urðu Eiríkur Briem og Jón Pétursson.

Aðrir starfsmenn bankans voru tveir, Halldór Jónsson gjaldkeri og Sighvatur Bjarnason bókarí.

Það var ekki fyrr en í apríl 1887 að bankinn hóf sparisjóðsstarfsemi en ástæðan var sú, að samningar höfðu staðið yfir við Sparisjóð Reykjavíkur um að hann sameinaðist bankanum, Sú sameining varð 19. apríl 1887. Eftir það var opnunartími bankans smáaukinn uns hann var opin allra virka daga árið 1889.

Litlar breytingar urðu eftir þetta á lögum bankans um nærfellt fjögurra áratuga skeið. Þó var Veðdeild Landsbankans stofnuð með sérstökum lögum aldamótaárið 1900. Miklar breytingar urðu hins vegar á bankamálum almennt þegar Íslandsbanki var stofnaður árið 1904 og honum veittur réttur til útgáfu seðla.

Á árunum fyrir aldamót varð mikil breyting í sjávarútvegi landsmanna. Landsbankinn stuðlaði að þessari þróun eftir megni, en fjármagn hans var takmarkað og óx ekki nógu ört til þess að hann gæti fullnægt þörfinni. Á árinu 1899



Eftir brunann var þegar hafist handa við endurbýggingu. Nýja húsið var tekið í notkun 1. mars árið 1924.

barst tilboð frá dönsku félagi um að stofna banka hér á landi. Gert var ráð fyrir að hann fengi einkaleyfi til seðlaútgáfu í 90 ár og að Landsbankinn rynni inn í hinn nýja banka. Þessi hugmynd náði ekki fram að ganga, en á Alþingi 1901 kom fram að frumvarp um stofnun hlutabanka, sem Landsbankinn sameinaðist. Munaði litlu að þar með yrði saga bankans öll. Þakka má Magnúsi Stephensen, landshöfðingja, að samþykkt var að Landsbankinn skyldi starfa áfram.

Landsbankinn hafði ekki haft heimild til seðlaútgáfu. Hinsvegar var gert ráð fyrir að hinn nýi hlutabanki hefði einkarétt til seðlaútgáfu í 30 ár. Þessi banki var stofnaður 25. september 1903 í Kaupmannahöfn og nefndur Íslandsbanki. Til að bæta nokkuð úr fjármagnsskortri Landsbankans hafði seðlaútgáfa Landsþjóðs verið aukin um 250 þús. kr. á árinu 1900, og ár-



Þessa skemmtilegu mynd tók Vigfús Sigurgeirsson ljósmyndari af vinnuflokknum sem vann að byggingarframkvæmdum í Austurstræti 11 rétt fyrir aldamót.

1904, og á Eskfirði og Selfossi 1918. Árið 1931 var opnuð afgreiðsla í Reykjavík og nefnd Austurbæjarútibú. Síðan liðu 20 ár uns Langholtsútibú var opnað á árinu 1951. Eftir það hefur afgreiðslum fjölgað ört og voru þær orðnar 42 um land allt í árslok 1985.

Samkvæmt lögum Landsbankans frá 1885 var tilgangur hans „að greiða fyrir peningaviðskiptum í landinu og styðja að framförum atvinnuveganna“. Það er athyglisvert, að í lögnum frá 1961 er tilgangurinn skilgreindur með næstum því sama hætti, en þar segir: „Hlutverk Landsbankans er að reka hverskonar bankaviðskipti og stuðla að vexti og viðgangi atvinnuvega landsmanna“. Það er vottur þess, að bankinn hafi leitast við að vera þessum markmiðum trúur, að útlán hans til atvinnulífsins eru nú um 50% allra útlána banka og sparisjóða af því tagi. Hæst er hlutdeild bankans í útlánum til sjávarútvegs, 68% allra útlána, en 44% lána til landbúnaðar og iðnaðar. Þrátt fyrir þetta hefur bankinn ekki vanrækt skyldur sínar gagnvart einstaklingum, enda er meginhluti þess sparifjár, sem hann hefur til umráða, frá þeim kominn. Í lok ársins 1985 námu útlán til einstaklinga 2.175 millj. kr. Þetta svaraði til liðlega fjórðungs allra útlána banka og sparisjóða til einstaklinga og var hærri upphæð en nokkur annar einstakur banki eða sparisjóðirnir sem heild lánuðu einstaklingum.

Síðastliðið sumar, nánar tiltekið hinn 21. júní 1985, voru samþykkt ný lög um viðskiptabanka, sem tóku gildi 1. janúar 1986. Þessi lög taka til allra viðskiptabanka, jafnt ríkisbanka sem hlutafélagabanka. Hlutverk bankanna samkvæmt þessum nýju lögum „er fólgið í geymslu og ávöxtun fjár, miðlun á peningum og annarri þjónustustarfsemi, sem er í tengslum við slík viðskipti“. Ólíklegt er þó að stjórnendur Landsbankans gleymi hinu aldargamla hlutverki hans, að „stuðla að vexti og viðgangi atvinnuvega landsmanna“.

þriggja manna framkvæmdastjórn bankans.

Þegar tímar liðu fram, óx þeirri skoðun fylgi, að ekki væri eðlilegt að sú stofnun sem bæri ábyrgð á seðlaútgáfu og gjaldveisvarasjóði væri jafnframt umsvifamesti viðskiptabanki landsins. Í framhaldi af umræðum um þessi mál samþykkti Alþingi nýja löggjöf árið 1957, þar sem Landsbankanum var skipt í tvær aðaldeildir, Seðlabanka og Viðskiptabanka. Skyldi hvor deild um sig lúta sérstakri stjórn, Endanleg skipting bankans var síðan ákveðin 1961, er Seðlabanki Íslands var stofnaður. Eftir það starfaði Landsbankinn sem viðskiptabanki á grundvelli laga frá 29. mars 1961.

Fyrstu ár Landsbankans hafði hann ekki afgreiðslu nema í Reykjavík. Um aldamótin var þó farið að huga að stofnun útibúa, fyrst á Akureyri 1902, þá á Ísafirði